

Undanfarin ár hefur hópur áhugafólks um íslenska vesturfara unnið að mótun og undirbúningi gríðarlega umfangsmikils verkefnis, sem ætlað er að varðveita merkan menningararf vesturferðanna og stórefla áhuga Íslendinga og afkomenda vesturfaranna á þessari sameiginlegu sögu og arfleifð.

Verkefnið byggir á mótun umfangsmesta gagnagrunns um vesturfara og Íslandstengsl afkomenda þeirra sem ráðist hefur verið í. Hann verður öllum aðgengilegur á netinu. Vefsíðan, sem hýsir grunninn, verður miðstöð fróðleiks, upplýsinga, fræðslustarfs og ferðamála. Hún sinnir öllum þáttum er varða tengslin við Ísland og sameiginlega, sögulega arfleifð beggja vegna Atlantsála.

Eitt það dýrmætasta sem vesturfarar fóru með vestur um haf var íslenskur menningararfur. Öldum saman dró lítil þjóð fram lífið í sveitum landsins. Í einangrun og fámenni varðveitti hún og efldi íslenska tungu, geymdi sögur fortíðar og skráði.

Þegar vesturfarar, einhvers staðar í Vesturheimi, reyndu að fóstura með börnum sínum sömu ást, sömu tilfinningar og þeir sjálfir báru til ættlandsins og íslensku þjóðarinnar, höfðu þeir fá önnur úrræði en að segja og lesa sögur sem lýstu mannlífinu á Fróni.

Mannlífið á 19. öld í sveitinni heima, lífsbaráttan sem þar hafði verið háð öldum saman, var það helsta frá Íslandi sem vesturfarinn hafði að segja börnum sínum. Ísland varðveitti bernskuna, hin órjúfanlegu tengsl sérhvers manns við fæðingarstað sinn. Rætur vesturfarans og afkomenda hans liggja þar, í sveitum landsins.

Ást Vestur – Íslendinga á landi og þjóð er sérstaks eðlis. Hana skortir suma þá þætti sem mynda ættjarðarást á vorum dögum hér á landi. Praktísku þættirnir hurfu smám saman úr þessari tilfinningu vestanhafs en rómantísku þættirnir urðu þeim mun sterkari. Tilfinningin er því nær eingöngu rómantísk eðlis sem sést t.a.m. á því að fögnuður þeirra yfir öllum sóma, allri virðingu, allri frægð lands og þjóðar margfaldast. Einar Hjörleifsson Kvaran lýsti þessu svo : „Ættjarðarást Vestur Íslendinga er planta, sem á rætur innst í sál mannanna, á því sviði sálarlífsins, þar sem flest það grær, sem mönnum er bezt gefið, indælast og elskulegast.“

Þessum einstaka kafla Íslandssögunnar verður gerð rækileg skil á vefsíðunni þar sem hann varðveitist um ókomna tíð fyrir komandi kynslóðir.

Önnur helstu markmið:

- Grunnur vefsíðunnar tengir vesturfara og afkomendur þeirra við sveitir landsins, sýslur, hreppa og bæi
- Grunnur vefsíðunnar tengir vesturfara við byggðir Íslendinga í Norður Ameríku
- Grunnur vefsíðunnar sýnir kort af Íslandi, landshlutum, sýslum, hreppum og bæjum, sem tengjast vesturförum
- Vefsíðan fjallar ítarlega um íslenskt þjóðlíf 19. aldar
- Vefsíðan varðveitir alls kyns upplýsingar er varða vesturferðir frá 1854 til 1914
- Vefsíðan segir sögu íslenskra vesturfara og landnáms þeirra vestanhafs
- Vefsíðan aðstoðar Vestur Íslendinga við skipulagningu ferða um sveitir landsins, við leitina að upprunum
- Vefsíðan verður vettvangur rannsókna fyrir fræðimenn og íslenska námsmenn.

Samstarfshópurinn, ef kalla má hóp áhugafólksins því nafni, er býsna stór og ólíkur. Sumir eru sérfræðingar á vissum sviðum t.a.m. **Harvey Thorleifson professor við University of Minnesota** en hann er Director, Minnesota Geological Survey, State Geologist of Minnesota. Hann er að skrifa jarðsögu svæða í Norður Ameríku þar sem Íslendingar settust að. Þú hefur eflaust tekið eftir því á ferðum þínum um N. Dakota og Manitoba í sumar hversu misjöfn að gæðum þessi gríðarlega umfangsmikla slétta er. Af hverju er svæðið sem valið var undir Nýja Ísland svona afleitt til akuryrkju? Hvers vegna eru svo blómlegir akrar víða í N. Dakota en grýtt land og óræktanlegt þar innan um?

Prófessorinn hefur rannsakað jarðsögu N. Ameríku allt frá vesturströnd austur til Halifax í N.ova Scotia. Honum til aðstoðar verður Áslaug Geirsdóttir prófessor við HÍ en svo skemmtilega vill til að þau stunduðu framhaldsnám við háskóla í Colorado á sama tíma og þekkjast vel.

**Próf. Pétur Pétursson** í Guðfræðideild HÍ ætlar að skrifa þætti um íslenska kirkju á Vesturfaratímabilinu. Útskýra muninn á íslenskir þjóðkirkju og frjálsri kirkju, engum bundin, í N. Ameríku.

**Þorvaldur Þórðarson prófessor** við HÍ ætlar að skrifa um Öskjugosið árið 1875 en það olli miklu tjóni um gervallt Austurland. Hann telur þetta eitt besta gos Íslandssögunnar til umfangsmikilla rannsókna vegna þess að afleiðingar þess höfðu svo víðtæk áhrif. Samstarfsverkefni samfélagsfræðinga, sagmfræðinga, grasfræðinga, náttúrufræðinga o.s.frv.

**Jón Hjaltason**, sagnfræðingur á Akureyri (er að ljúka við ævisögu Káins) verður ritstjóri efnis um Ísland á Vesturfaratímabilinu en hann hefur rannsakað 19.öldina á Íslandi og kringumstæður sem leiddu til vesturferða.

**Trausti Jónsson**, veðurfræðingur, hefur manna mest rannsakað veðurfar á 19. öld og skrifað um það áhugaverðar greinar sem birtar verða á síðunni.

Fjölmargir vinir og kunningjar í Vesturheimi leggja okkur lið t.d. Jóel Friðfinnsson í Manitoba en hann ætlar að skrifa um Nýja Ísland, setja á blað sögur af fólki sem þar bjó.

Dianne O'Konski í Minneapolis er ættuð úr íslensku byggðinni svokölluðu í Minnesota og mun vinna með mér efni um þá byggð.

**Kostnaðaráætlun:** Þegar ákveðið var að ráðast í verkefnið var gerð áætlun og tilboða leitað í verkið. Ýmsir vefhönnuðir gerðu tilboð og eftir viðræður við nokkra var ákveðið að ganga til samninga við Baróninn ehf í Borgarnesi. Í ljós kom að þar var mestur spenningur fyrir verkinu og réði það miklu. Næst var að finna leið til að afla fjár og var farin fjáröflunarleið hjá Karólína Fund. Vinir og vandamenn, bæði íslenskir, kanadískir og bandarískir lögðu þessi lið og safnaðist nægilegt fjármagn til að greiða vefhönnuði. Fljótlega kom í ljós að verkið er mun umfangsmeira en gert var ráð fyrir og kostnaður hærri. Enn hafa vinir og vandamenn lagt þessu lið svo og ýmis félög en nú vantar herslumuninn:

- Frágangur gagnagrunns kr.2.000.000.00

Eins og gefur að skilja krefst mótun og uppbygging gagnagrunnsins gríðarlegrar vinnu við að safna saman íslenskum og erlendum upplýsingum og koma í aðgengilegt form. Sú mikla vinna verður

trauðla innt af hendi nema til komi frekari fjárhagslegur stuðningur við verkefnið. Af þessum sökum er leitað til ykkar um stuðning við verkefnið. Ákveðið er að opna síðuna á Íslandi 1. júní, 2020.

Virðingarfyllst,

F.h. undirbúningshópsins.

Jónas Þór, sagnfræðingur